

6. fundur Betadeildar starfsárið 2020 – 2021 haldinn í Lionssalnum Ánni í Skipagötu 14, þann 20. maí 2021 kl. 19:00

Á boðstólum var smáréttahlaðborð frá Strikinu.

1. Setning fundar

Hildur formaður setti fund, bauð konur velkomnar og flutti kveðjur frá fjarstöddum konum. Björk kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

2. Orð til umhugsunar

Helena Sigurðardóttir flutti orð til umhugsunar og gerði að skemmtilegu umfjöllunarefni hvernig viðhorf manneskju getur breyst í einni svipan við breytta stöðu í samfélaginu og lýsti í sínu tilfelli þeirri umbreytingu að verða amma.

3. Fundargerð

Elín las fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.

4. Erindi frá stjórn

- Hildur sagði frá aðalfundi samtakanna sem haldinn var á Zoom þann 7. maí, þar sem nokkrar Betakonur tóku þátt. Í skýrslu stjórnar sem Ingibjörg Elsa fráfarandi forseti DKG flutti kom fram að ýmislegt hafi áunnist hjá samtökunum þrátt fyrir aðstæður vegna covid, nefndi hún m.a. að ötullega hafi verið unnið að stofnun deildar á Suðausturlandi, lagabreytingum og félagatal hafi verið uppfært.
- Ný stjórn landssamtakanna tók við á aðalfundi þar sem Guðrún Edda Bentsdóttir úr Kappadeild er forseti og meðal stjórnarkvenna í nýrri stjórn er Aníta Jónsdóttir úr Betadeild 1. varaforseti.
- Hildur sagði árgjald samtakanna verða óbreytt á næsta ári, 10.000 kr. samkvæmt samþykkt aðalfundar og verði innheimt í júní.
- Hildur fór yfir laga- og reglugerðarbreytingar sem samþykktar voru á aðalfundi samtakanna og m.a. fela í sér að nú geta konur sem eru í námi á fræðsluviði átt aukaaðild að samtökunum og verði fullgildar félagskonur að prófi loknu. Ein breyting sem áður hafði verið samþykkt var afturkölluð, um að konur geti sótt um aðild að samtökunum. Orðalagsbreyting var gerð á íslenskri þýðingu á sýn DKG samtakanna og hljóðar nú: *Forystukonur í fræðslustörfum til áhrifa á menntun um allan heim.*
- Hildur minnti á fyrirhugað landssambandsþing 4. september og gert væri ráð fyrir framkvæmdaráðsfundi daginn áður. Í sambandi við umfjöllun um landssambandsþingið hvatti Jónína Hauksdóttir konur til að mæta, ómældur tími hafi farið í að skipuleggja fyrirhuguð þing samtakanna og ítrekað hafi þurft að taka ákvörðun um breytingar.
- Hildur sagði stjórn Beta gera ráð fyrir inntöku inn í deildina í haust.
- Hugrún Sigmundsdóttir fékk afhenta afmælisgjöf í tilefni sextugsafmælis hennar, sanna gjöf frá UNICEF og þakkaði Hugrún fyrir gjöfina.

5. Önnur mál

Engin kona kvaddi sér hljóð undir liðnum önnur mál.

6. Gestur fundarins Valgerður S. Bjarnadóttir nýdoktor við Háskólann á Akureyri

Valgerður sagði frá rannsókn sinni og Andreu Hjalmsdóttur um áhrif covid á líðan fjölskyldna sem voru beðnar um að halda dagbækur þegar farsóttin stóð sem hæst. Rannsóknin gekk út á að fanga þann veruleika sem fólk lýsir með dagbókarskrifum sínum þar sem heimilið varð ekki aðeins vettvangur griðarstaðar fjölskyldunnar heldur m.a. vinnustaður, íþróttahús og skóli. Konur voru mun duglegri að skrá í dagbækur en karlar sem kann að hafa áhrif á niðurstöður. Valgerður sagði niðurstöður benda til að skipulag í þessum aðstæðum hafi fremur lent á konum og þessar flóknu aðstæður orðið þeim hugræn byrði. Niðurstöður gefa vísbendingar um ákveðið bakslag í kynjamálum eða mögulega afhjúpun hins kynjaða veruleika. Ýmsar spurningar og vangaveltur komu fram og voru ræddar í kjölfar fyrirlestrar Valgerðar og var henni klappað lof í lófa fyrir góða umfjöllun þegar hún kvaddi fundarkonur með rós, tákni samtakanna, og þökkum frá Hildi formanni.

7. Happraætti og pyngjan góða

Eins og venja er gekk pyngjan góða meðal fundarkvenna. Undir lok fundar var dregið í happraættinu og hlaut Eygló vinninginn.

8. Fundarslit

Hildur bað Björk að slökkva á kertunum og sleit formlegum fundi kl. 21:15.

Fundargerð ritaði Elín E. Magnúsdóttir